



Kjósarhreppur
Óskar Örn Gunnarsson
Ásgarði Kjós
276 Mosfellsbær

Garðabær, 31.3.2025

Málsnúmer: 202502-0048

IAS

Efni: Deiliskipulag frístundabyggðar Trönu í Kjós.

Vísað er til erindis Kjósarhrepps, frá 17. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulag frístundabyggðar Trönu í Kjós.

Deiliskipulagssvæðið, sem er 8.427 m² er innan frístundabyggðarsvæðis F15a samkvæmt Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Gert er ráð fyrir tveimur frístundalóðum á svæði sem er í jaðri þegar byggðar frístundabyggðar og afmarkast af aðkomuvegi að Möðruvöllum 1 að austan, frístundalóðinni Gildruholti að sunnan og aðkomuvegi að þeirri lóð.

Skipulagssvæðið er innan svæðisins: „Laxárvogur og Laxá í Kjós“ á náttúruminjaskrá.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur